

Stjórnarfundur ÍRB 13. desember 2011.

Mættir: Falur, Júlíus, Sigurþór, Hilmar, Guðný, Guðmunda, Hjördís, Sigurbjörg, Freydís, Anthony, Harpa, Herdís, Elsie, Lúðvík, Anna.

1. Farið yfir síðustu fundargerð

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.

2. Farið yfir stöðu í hópum – uppfærslur og fleira

Ant hefur verið að skoða tilfærslu á milli hópa. Hann mun hafa samband við alla þjálfarar og gera þetta í samráði við þá. Mikilvægt að athuga vel lágmörk í hópum og gera þau erfiðari þannig að hóparnir verði ekki of fullir. Mikilvægt að halda þau skilyrði sem sett hafa verið og gera ekki undanþágur þar sem það leiðir til vonbrigða fyrir þá sem á eftir koma sem fá þá ekki sömu undanþágur. Þurfum að auglýsa í janúar og reyna að þetta hópinn sérstaklega í Akurskóla.

3. Vinnuframlag foreldra

Vinna fyrir félagið er nú á herðum fárra foreldra. Ýmsar hugmyndir ræddar: Hugmynd um að foreldrar sem ekki vilja hjálpa til borgi ákveðna upphæð á ári. Einnig væri hægt að hafa skráningarblað fyrir foreldra til að velja hvað þeir vilja gera á mótum þegar börnin þeirra eru að keppa. Fyrir landsbankamótið verður sett upp skráningarsíða þar sem foreldrar barna sem keppa verða að skrá sig á a.m.k. 3 hluta annars keppir barnið ekki. Ef foreldri mætir ekki þarf að greiða ákv. upphæð.

4. AMÍ – SSÍ

Ant sendir Sibbu punkta um röðun greina og tímasetningar. Sigurbjörg sendir bréf SSÍ í kjölfarið.

5. Foreldrafundur v/ Sheffield- og Danmerkurferðar 14. des

Ant fjallar um Sheffieldferðina og Eddi um Denmerkurferðina. Skráningarsíða á netinu fyrir báðar ferðirnar. Mikilvægt að þeir sem fara í æfingarferð skuldbindi sig til eins árs.

6. Jólakort

Límmiðarnir settir á jólakortin.

7. Önnur mál

a) NMU – Elsie sótti um styrki til Reykjanesbæjar og Hitaveitunnar vegna NMU en fékk neitun þar sem mótið er á Íslandi.

b) Þarf að skoða á formannafundi SSÍ hvort hægt er að álykta um kostnað við verkefni eins og NMU þar sem kostnaður sundmanna er mikill þó að keppnin sé á Íslandi.

c) Einhverjir sundmenn svöruðu ekki bréfi frá SSÍ vegna styrkja fyrir unga afreksmenn. Mikilvægt að sundmenn sækja sjálfir alla þá styrki sem eru í boði og séu vakandi yfir umsóknarfrestum.

- d) Minnt á 31. desember, lokahóf ÍRB. Sundmenn minntir á að mæta í félagsgallanum.
- e) Íþróttamaður Keflavíkur og UMFN. Verður skilað inn til aðalstjórna og ÍRB.
- f) Farið yfir bréf sem sent var SSÍ vegna aðdraganda NMU.
- g) Helga gjaldkeri sendir út gíróseðla á þau fyrirtæki sem skulda enn vegna ÍM25.
- h) Freydís tekur að sér að klára samstarfsamning við Olís.

Næstu fundur 10. janúar 2012.